

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2023/2824**

2024/EES/41/31

frá 11. desember 2023

**um að veita heitinu „Emilia-Romagna“ (VUT) vernd skv. 99. gr. reglugerðar
Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 frá 17. desember 2013 um sameiginlegt markaðskerfi fyrir landbúnaðarafurðir og um niðurfellingu á reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 922/72, (EBE) nr. 234/79, (EB) nr. 1037/2001 og (EB) nr. 1234/2007⁽¹⁾, einkum 99. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- Í samræmi við 2. og 3. mgr. 97. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 hefur framkvæmdastjórnin tekið til meðferðar umsókn sem Ítalía sendi um skráningu heitisins „Emilia-Romagna“ og birt hana í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* ⁽²⁾.
- Framkvæmdastjórninni hefur ekki borist nein yfirlýsing um andmæli skv. 98. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013.
- Í samræmi við 99. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 ætti að veita heitinu „Emilia-Romagna“ vernd og færa það inn í skrána sem um getur í 104. gr. sömu reglugerðar.
- Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um sameiginlegt markaðskerfi fyrir landbúnaðarafurðir.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Heitinu „Emilia-Romagna“ (VUT) er hér með veitt vernd.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 11. desember 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Fyrir hönd forsetans,

Janusz WOJCIECHOWSKI

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L, 2023/2824, 18.12.2023. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 111/2024 frá 26. apríl 2024 um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín, við EES-samninginn (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 671.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 305, 29.8.2023, bls. 9.